


Unnið í samstarfi við KPMG, maí 2025.

Fjármögnun Nýsköpunar fyrirtækja

2024 í tölum



Skýrsla þessi er unnin af stjórn Framvís, samtaka engla- og vísisjóða á Íslandi í samstarfi við KPMG, KLAK - Icelandic Startups og Rannís.

Framvís - samtök engla- og vísisjóða: Framvís er samstarfsvettvangur engla- og vísifjárfesta sem vinna að því að efla vistkerfi sprotafjárfestinga á Íslandi. Samtökin starfa náið með hinu opinbera að stefnumótun og stuðla að vönduðum vinnubrögðum með fræðslu, upplýsingagjöf og gagnasöfnun. Nánari upplýsingar um Framvís má finna á: www.framvis.is

Tengiliðir

Sigurður Arnljótsson
Stjórnarformaður Framvís
sa@brunnurventures.com

Laila Sæunn Pétursdóttir
Framkvæmdastjóri Framvís
framvis@framvis.is

Ásgeir Skorri Thoroddsen
Partner hjá KPMG ehf.
athoroddsen@kpmg.is

Skilgreiningar

Blönduð Teymi

Félög sem vísisjóðir og englasjóðir hafa fjárfest í og innihalda bæði kvenkyns og karlkyns stofnendur.

Kvennateymi

Teymi eða félög sem vísisjóðir og englasjóðir hafa fjárfest í og innihalda einungis kvenkyns stofnendur.

Karlateymi

Teymi eða félög sem vísisjóðir og englasjóðir hafa fjárfest í og innihalda einungis karlkyns stofnendur.

Englasjóðir

Englasjóðir sem veittu upplýsingar við gerð þessarar skýrslu eru sjóðirnir Tennin, Nordic Ignite og Pretium. Englafjárfestar í Framvís fjárfestu óverulega á árinu 2024.

Vísisjóðir

Vísisjóðir sem veittu upplýsingar við gerð þessarar skýrslu eru sjóðirnir Brunnur, Frumtak, Crowberry Capital, Nýsköpunarsjóðurinn, Eyrir Venture Management og löunn.

Ávarp frá formanni Framvís



Sigurður Arnljótsson

Meðeigandi Brunnur Ventures
og stjórnarformaður Framvís

Framvís gefur út skýrslu um fjárfestingaumhverfi nýsköpunarfyrirtækja á Íslandi nú í fjórða sinn. Markmið skýrslunnar er að auka gagnsæi varðandi fjárfestingar engla- og vísisjóða og sýna umfang fjárfestinga í nýsköpunarfyrirtækjum á Íslandi, m.a. til að umræða um nýsköpun geti verið byggð á raungögnum*.

Fjárfesting vísisjóða gengur út á að styðja við félög sem búa yfir getu til að skila sjóðunum framúrskarandi ávöxtun og þannig auka ávöxtun fyrir fjárfesta. Meðfylgjandi ávinningur af slíkum fjárfestingum er að efla nýsköpun, skapa verðmæt störf og styðja við vöxt atvinnulífsins í landinu. Á síðasta ári námu heildartekjur þeirra félaga sem eru í eignasöfnum íslenskra vísisjóða 34 milljörðum króna og þar

störfuðu 2807 manns, allir í þekkingarstörfum.

Efnahagsóvissa á heimsvísu hafði áhrif á nýsköpunarumhverfið á árinu 2024. Há verðbólga og hækkandi stýrivextir þrengdu að fjármögnunarmöguleikum sprotafyrirtækja bæði hér á landi og erlendis. Það var lítið um útgöngur eða sölur á sprotafyrirtækjum.

Tveir stórir atburðir einkenndu árið. Brunnur vaxtarsjóður I greiddi hluthöfum sínum 5,6 milljarða króna í formi hlutabréfa í Oculis sem eru skráð í Nasdaq-kauphöllinni í New York. Þetta er hæsta einstaka greiðsla frá íslenskum vísisjóði frá því nýtt tímabil í starfsemi vísisjóða hófst hér á landi árið 2015 með stofnun þriggja sjóða, sem eru studdir að miklu leyti af íslenskum lífeyrissjóðum. Þá lauk einnig fjármögnun Frumtaks IV, 12 milljarða króna sjóðs. Þessi árangur er afrakstur áratugarins sem liðinn er í uppbyggingu íslensks nýsköpunarumhverfis og undirstrikar að árangur í sprotafyrirtækjum tekur tíma.

Árið 2024 fjölgaði fjárfestingum íslenskra vísisjóða. Þeir fjárfestu í 40 nýsköpunarfyrirtækjum, samanbórið við 33 árið áður. Heildarfjárfestingar námu tæplega 5 milljörðum króna sem er 23 prósent hækkun frá árinu áður. Líkt og áður fór stærri hluti fjárfestinga í eftirfylgni (57 prósent) fremur en í nýjar fjárfestingar (43 prósent).

Erlend fjárfesting dróst hins vegar verulega saman. Erlendir fjárfestar lögðu fram 1,6 milljarða króna á

árinu, samanbórið við 27,7 milljarða árið áður, sem var metár. Fjöldi erlendra meðfjárfesta sem tóku þátt í fjárfestingum með íslenskum vísisjóðum var sextán í fyrra. Þrátt fyrir samdráttinn hefur erlend fjárfesting frá árinu 2015 verið umtalsverð þar sem tæplega 200 erlendir fjárfestar hafa lagt fram samtals nærri 72 milljarða króna.

Samdrátturinn í erlendri fjárfestingu skýrist meðal annars af því að alþjóðlegir vísisjóðir héldu aftur af sér í ljósi væntinga um versnandi markaðsaðstæðna eftir öflugan vöxt árin 2021 og 2022. Á sama tíma fjárfestu íslenskir vísisjóðir meira.

Þeir englasjóðir sem eru meðlimir Framvís fjárfestu óverulega á árinu 2024, samanbórið við 700 milljónir króna árið áður.

Við horfum fram á veginn með trú á íslenskt nýsköpunarumhverfi. Þótt áskoranir séu áfram til staðar er grundvöllur fyrir frekari vöxt og árangur lagður með þeirri vinnu sem þegar hefur verið innt af hendi.

* Þessi gögn eru aðeins frá meðlimum Framvís

Efnis- yfirlit

01

Fjárfestingar í tölum 2024

02

Vísisjóðir í Framvís

03

Eignasafn vísisjóða

04

Samanburður fyrri ára

05

Fjárfestingastjórar og fjárfestingaráð

06

Svipmynd af umhverfinu

07

Innlit í stuðningsumhverfið

08

Starfsmannapróun nýsköpunarfyrirtækja

01

Fjárfestingar í tölum 2024

Hér má sjá graf með samanlagðar fjárhæðir heildarfjárfestinga vísisjóðanna á árunum 2019 til 2024, á árinu 2023 bættust við tölur frá englum í Framvís. Fjárfestingar vísisjóðanna árið 2024 voru 40 talsins en fjárfestingar engla voru hins vegar óverulegar árið 2024.


Á árinu 2024 var fjárfest fyrir tæplega 5 milljarða í nýsköpunarfélögum.

Heildarfjárfesting
Vísisjóða:
4.832.670.164

Fjöldi fyrirtækja
sem fjárfest var í:

40

Heildarfjárfestingar (m.kr)



Fjöldi fjárfestinga eftir árum


	2021	2022	2023	2024
Nýfjárfestingar	20	21	16	13
Eftirfylgnis fjárfestingar	27	27	17	27
Fjárfestingar alls	47	48	33	40

Heildarfjárfesting vísisjóða 2024

	Upphæð	Fjöldi
Pre - Seed <100 m		
Nýfjárfestingar	174.000.000	7
Eftirfylgnis fjárfestingar	194.500.000	6
Fjárfestingar alls	368.500.000	13
Seed >100 m		
Nýfjárfestingar	640.000.000	3
Eftirfylgnis fjárfestingar	1.541.454.821	15
Fjárfestingar alls	2.181.454.821	18
Series A og ofar		
Nýfjárfestingar	1.318.000.149	3
Eftirfylgnis fjárfestingar	964.715.194	6
Fjárfestingar alls	2.282.715.343	9

Erlendar meðfjárfestingar í íslenskum fyrirtækjum 2016-2024


Heildarfjárfesting:
72.156.078.946 kr



02 Vísisjóðir í Framvís

Heildarfjárfesting Vísisjóða: 4.832.670.164

Fjöldi fyrirtækja
sem fjárfest er í:
40



*Hér er einungis horft á nýfjárfestingar

Skýrsla þessi er uppfærsla á skýrslu sem KPMG vann fyrir Framvís árið 2023. Markmið skýrslunnar er að auka gagnsæi um fjárfestingar engla- og vísisjóða og sýna umfang fjárfestinga í nýsköpunarfyrirtækjum á Íslandi. Einnig vill Framvís opna á umræðu til að breytingar megi verða í átt að auknu jafnrétti í fjárfestingum.

Greining þessi á kynjaskiptingu fjárfestinga í fjárfestingum sprotafyrirtækja á Íslandi tekur einungis til tveggja kynja, þ.e. kvenna og karla. Gögnin ná því ekki til annarra kynja, þ.e. kynsegin fólks. Það er vídd sem mikilvægt er að hafa inni í framtíðinni. Þá er jafnrétti mun víðara hugtak en eingöngu jafnrétti kynja og verður því unnið að því að safna frekari gögnum og upplýsingum til framtíðar með það að markmiði að auka jafnrétti í víðu samhengi.


Vísisjóðir

Upphæð	Hlutfall
--------	----------


Pre - Seed <100 m




Seed >100 m



Series A og ofar




Alls




03 Eignasafn vísisjóða

Heildartekjur og fjöldi starfsfólks í félaga í eignasafni sjóðana:

Heildartekjur (m.kr)



Starfsfólk



Vísisjóðir Englasjóðir


Hér eru samanlagðar heildartekjur og fjöldi starfsfólks félaga í eignasöfnum vísisjóðanna árin 2019 – 2024 en á árinu 2023 voru einnig tölur úr eignasöfnum englasjóða.

Tölfræðin sýnir að heildartekjur félaga í eignasafninu námu um 34,3 milljarð á árinu sem er ágætis hækkun frá fyrra ári. Hafa ber hugfast að vísisjóðirnir fjárfesta einkum í félögum sem þróa lausnir og afurðir byggðar á íslensku hugviti. Lausnir og afurðir þessara félaga eru oftast nær ætlaðar til útflutnings og sölu á erlendum mörkuðum og eru tekjur að stórum hluta erlendar tekjur.

Í lok árs 2024 störfuðu 2.807 einstaklingar hjá félögum í eignasöfnum vísisjóðanna. Miðað er við fjölda starfsfólks þeirra félaga sem vísisjóðir áttu hlut í við áramót.

Starfsfólk, stjórnendur og stjórnir í eignasafni sjóðana:

Hér að neðan má sjá tölfræði um kynjaskiptingu starfsfólks, stjórnenda og stjórna félaga í eignasöfnum vísisjóðanna á árinu 2024. Til samanburðar er litið aftur til ársins 2021 en taka skal fram að tölur frá englasjóðum eru einungis frá árinu 2023.



Karlar Konur

04

Saman- burður fyrri ára

Hér má sjá samanburð á fjárfestingum vísisjóðanna við síðustu ár út frá kynjahlutföllum. Horft er til fjölda og fjárhæð fjárfestinga ásamt kynningum til sjóðanna. Samanburður við síðasta ár leiðir í ljós að hlutföll blandaðra teyma eykst sér í lagi á kostnað kvennateyma.

Á árinu 2024 voru 28% kynninga frá nýsköpunar-fyrirtækjum til vísisjóðanna frá blönduðum teyrum sem fengu 24% þess fjármagns sem sjóðirnir fjárfestu. Teymi sem eingöngu voru skipuð körlum stóðu fyrir 55% kynninga og fengu 63% fjármagnsins. Hlutfall kvennateyma í kynningum til sjóðanna lækkaði um 9% frá fyrra ári og var nú 17% og hlaut 13% fjármagnsins.




Fjárfestingar
vísisjóða

Hlutföll eftir
stofnendum
félaga




Hlutföll
eftir fjárhæð
fjárfestinga

Hlutföll eftir
kynningum
til sjóða




2019






2020






2021






2022



2023



2024




Fjárhæð fjárfestinga vísisjóða í Evrópu vs. Ísland

Séu kynjahlutföll fjárfestinga íslensku vísisjóðanna borin saman við Evrópu kemur í ljós að Ísland stendur mun framar á sviði kynjajafnréttis, þó enn sé vissulega langt í land.

Kvennateymi hlutu 3% þess fjármagns sem evrópskir vísisjóðirnir fjárfestu árið 2024, sem er 10% lægra en á Íslandi, og blönduð teymi hlutu 15% samanborið við 24% á Íslandi

*Heimild: 2019-2023: <https://report2023.unconventional.vc/>
2024: <https://drive.google.com/file/d/1NIT9fyQn24Fndi4foAw9-lI1oFBGLe-6/view>




05 Fjárfestinga-
stjórar & fjár-
festingaráð

Hér að neðan má sjá kynjahlutföllin í innri starfsemi vísisjóðana á árinu 2024. Það er annars vegar á meðal fjárfestingastjóra og hins vegar á meðal stjórnra eða fjárfestingaráða.

Í hópi fjárfestingastjóra er starfsfólk sjóðanna sem er í daglegu starfi og tekur ákvörðun um fjárfestingar. Þau tækifæri sem fjárfestingastjórar taka ákvörðun um að fjárfesta í fara síðan til samþykktar, ýmist hjá stjórn eða fjárfestingaráði.

Það er m.ö.o. misjafnt milli sjóða hvort það er stjórn eða fjárfestingaráð sem samþykkir ákvörðun um fjárfestingu. Englasjóðir skiluðu ekki inn tölum er varðar þetta svo einungis er horft til vísisjóða í þetta sinn og sýnir tölfræðin að hlutföllin milli kynjanna eru mjög jöfn.



06 Svipmynd af umhverfinu


Hér skyggnumst við inn í nýsköpunarumhverfið út frá stuðningi, styrktarsjóðum og engla- og vísisjóðum og sjáum hvernig hlutföllin eru á milli karl-, blandaðra og kvennteyma.

Í flokknum stuðningur var leitað til KLAK - Icelandic Startups sem er stærsti stuðningsaðili frumkvöðla á Íslandi. KLAK leiddi viðskiptahraðlana Startup Supernova og Hringiðu á síðasta ári og leiddu einnig í samstarfi við Rannís stuðningsverkefnið Dafna sem styður við frumkvöðla sem fá úthlutun frá Tækniþróunarsjóð.


Í flokknum styrktarsjóðir var leitað til Rannís og gögn Tækniþróunarsjóðs um umsóknir og úthlutanir vegna Sprota og Vaxtar greind.

Gögn frá Vísisjóðum eru greind eftir hlutfalli karl-, kvenn- og blandaðra teyma í kynningum til sjóða (e. dealflow), fjölda fjárfestinga og fjárhæð fjárfestinga.


Stuðningur



Styrktarsjóðir



Vísisjóðir



07 Innlit í stuðnings- umhverfið

Hér er frekari greining á tölum frá KLAk og Tækniþróunarsjóði sem eru mikilvægar stoðir í stuðningsumhverfi frumkvöðla á Íslandi.

Sjá má kynjahlutföll í umsóknum í Gulleggið sem er elsta frumkvöðlakeppni landsins og miðar að frumkvöðlum með hugmyndir á fyrstu stigum. Fræ/Þróunarfræ er styrkur á vegum Tækniþróunarsjóðs sem sömuleiðis er ætlaður frumkvöðlum með verkefni á hugmyndastigi.

Því næst sjáum við niðurbrot á tölum er varða hlutfall teyma sem sækja um í hraðla og styrktar-sjóðina Sprotu og Vöxt sem og þá sem fá að lokum brautargengi.


KLAk Icelandic
Startups




Einstaklingsumsóknir á hugmyndastigi




Umsóknir í hraðla og tækniþróunarsjóð



Valin verkefni í hraðla og tækniþróunarsjóð



Kynningar til vísisjóða




Karlateymi

Kvennateymi

Blönduð Teymi

Meðal eignarhlutur stofnenda eftir fjárfestingu í %



08

Starfs-
mannapróun
nýsköpunar-
fyrirtækja

Hér má sjá tölur varðandi fjölda þeirra sem starfa hjá nýsköpunarfyrirtækjum í eignasafni vísisjóðanna í Framvís. Einnig setjum við saman áætlun um fjölgun starfsmanna á þessu sviði. Athuga verður að ekki skiluðu allir vísisjóðir inn upplýsingum um þennan kafla skýrslunnar.

2024


Skipting starfsfólks ríkisfangi og staðsetningu

Íslenskir ríkisborgarar sem vinna á Íslandi	57%
Erlendir ríkisborgarar sem vinna á Íslandi	12%
Stöðugildi erlendis	31%


2025-2026

Áætluð starfsmannapróun 2025-2026

Fjölgun starfsfólks á Íslandi



Fjölgun starfsfólks erlendis





FRAMVÍS
SAMTÖK VÍSIFJÁRFESTA

